

Leikskólinn Sólborg Ísafirði



**Starfsáætlun fyrir skólaárið
2020-2021.**

Hagnýtar upplýsingar um skólahald.....	3
Skólareglur	3
Reglur um veikindi.....	4
Áherslur í foreldrasamstarfi og innra mati	4
Upplýsingar um stoðþjónustu leikskólanna	5
Markmið leikskólans	6
Stefna leikskólans.....	6
Leikskólanám	7
Endur og símenntunaráætlun.....	8
Eineltisáætlun	10
Eineltisáætlun Sólborgar	10
Forvarnaráætlun.....	11
Jafnréttisáætlun Sólborgar	12
Neyðaráætlun.....	15
Starfsmannastefna Sólborgar.....	15
Áfallaáætlun.	16
Móttökuáætlun nýrra barna	16
Fjölmenningsráætlun.....	21
Skóladagatal 2020 – 2021.....	23

Hagnýtar upplýsingar um leikskólann

Leikskólinn Sólborg er fimm deilda leikskóli og eru fjórar deildir staðsettar á Torfnesi. 19. janúar 2017 opnaði fimmta deildin sem ber nafnið Tangi og er fyrir fimm ára börn á Ísafirði. Tangi er til húsa í kjallara Tónlistarskólans við Austurveg. Leikskólinn Sólborg opnar 7.45 og lokar 16.30.

Fjöldi deilda og nemenda

Á Sólborg á Torfnesi eru fjórar deildir. Tvær með yngri börnum á aldrinum 1-2 ára. Þar eru 14/16 börn á sitt hvorri deildinni. Þá eru tvær eldri deildir, önnur með 16, 2-4 ára börnum, og hin með 17, 4-5 ára börn. Á Tanga eru 43, 5 ára börn.

Fjöldi kennara og stöðugildi

Skólaárið 2020-2021 starfa 37 starfsmenn við leikskólann Sólborg í 33,12 stöðugildum. Inn í þeirri tölu er 2,37,25 % staða í eldhúsi og þar af 56% fyrir eldhús og umsýslu á Tanga, 3,0% afleysinga-staða, 100% staða sérkennslustjóra, 100% stöðugildi sem sinnir stuðning. Einnig er inn í heildarfjöldanum þrjú starfsmenn sinna ræstingu við skólann sem er í uppmælingu.

Starfsdagar/ fundir kennara

14.ágúst var starfsmannafundur –lokað frá 12.00 – 16.00.

4.september var starfsdagur – lokað allan daginn.

16.október átti að vera sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólanna en vegna hertra aðgerða vegna Covid-19 var starfsdagur á hverjum skóla fyrir sig– lokað allan daginn.

12.nóvember var starfsmannafundur –lokað 12.00-16.00.

8.desember er starfsmannafundur – lokað 8.00-10.00.

4.janúar er starfsmannafundur–lokað 12.00-16.00.

16.febrúar er starfsdagur – lokað allan daginn.

17.mars er starfsmannafundur–lokað 12.00-16.00

23.apríl er starfsdagur–lokað allan daginn.

9.júní er starfsmannafundur – lokað 14.00–16.00.

Þegar nemendur og kennarar fara í sumarleyfi er lokað kl. 15.00 síðasta daginn fyrir lokun og opnað kl. 9.00 fyrsta daginn eftir opnun. Þessi tími er nýttur til að ganga frá og standsetja leiksskólann aftur fyrir opnun.

Skólareglur

Mætingar barna

Þegar barn kemur í leikskólann er mikilvægt að því sé fylgt inn á deild til starfsmanna. Þegar barnið er sótt þarf einnig að láta starfsfólk vita. Mikilvægt er að tilkynna veikindi fyrir kl. 8.30 og láta vita ef barn er í fríi og hversu lengi.

Vinnutími starfsmanna er skipulagður með tilliti til dvalartíma barnanna. Foreldrar hafa nokkrar mínútur til umráða við komu og þegar að barnið eru sótt. Mikilvægt er að virða þann tíma og misnota hann ekki. Ef foreldrar eru ekki komnir frá því að umsaminn vistunartími er útrunninn er hringt í þá. Þetta á sérstaklega við í lok dags, en einnig ber að bregðast við á öðrum tímum ef ekki er búið að sækja barn 5-10 mínútum eftir að umsömdum vistunartíminn er lokið. Foreldrum er gert að greiða aukagjald ef börnin eru ítrekað sótt of seint þrátt fyrir áminningu.

Reglur um veikindi

Taka þarf alltaf tillit til líðan barns. Barni getur liðið illa þó að það sé ekki endilega með hita. Barnið þarf að vera heima í einn til tvo daga hitalaust áður en það kemur í leikskólann. Leyfilegt er að vera inni einn til tvo daga eftir veikindi. Það á sérstaklega við eftir langvinn veikindi. Ef barnið þarf að taka lyf er mikilvægt að haga lyfjagjöfni þannig að lyfin séu gefin heima nema mjög brýna nauðsyn beri til. Ef þau þurfa lyf á leikskólatíma þá koma foreldrar og gefa lyfið.

Starfsfólk hefur ekki leyfi til að gefa lyf nema í undantekningartilvikum t.a.m. sykursýki, astma, og/eða ofnæmislyf. Hægt að samþykkja langtímalyfjagjafir í samráði við foreldra ef slíkt kemur upp en þá aðeins gegn vottorði og skriflegum fyrirmælum frá lækni.

Ef barn hefur greinst með óþol, ofnæmi, astma eða eitthvað annað sem krefst sérstakrar meðferðar, skal skila vottorði því til staðfestingar. Endurnýja þarf læknisvottorð árlega.

Áherslur í foreldrasamstarfi og innra mati

Foreldrafundir

Foreldrafundur er haldinn á haustin þar sem starf og stefna leikskólans er kynnt, og rætt um samvinnu og samskipti milli leikskóla og foreldra, önnur mál.

Kynningarfundir fyrir nýja foreldra

Haldnir eru kynningarfundir fyrir foreldra nýrra barna sem byrja hjá okkur þar sem farið er yfir starf og stefnu leikskólans, hann skoðaður og deild viðkomandi barns.

Foreldraviðtöl

Á Tanga eru foreldraviðtöl í upphafi skólagöngu og apríl/maí. Á Torfnesi eru foreldraviðtöl einu sinni í mars/apríl. Ef óskað eftir viðtali á öðrum tímum og/eða oftár en hér er tilgreint er það gert.

Deildarstjórar taka foreldraviðtöl.

Foreldraráð/foreldrafélag

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð. Í foreldraráði sitja þrjú fulltrúar foreldra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag Sólborgar

Í stjórn foreldrafélags Sólborgar eru fimm fulltrúar og fulltrúi leikskólans er leikskólastjóri.

Lög foreldrafélags Sólborgar

1 gr. Félagið heitir Foreldrafélag Sólborgar. 2 gr. Félagar eru foreldrar eða forráðamenn barna á leikskólanum Sólborg. 3 gr. Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna með því meðal annars að vinna: a. að aukinni samvinnu foreldra og starfsfólks. b. að því að auka samvinnu foreldra innbyrðis um starfsemi og aðbúnað leikskólans. c. að því að leggja hagsmunum barna lið bæði innan leikskólans og út á við.

4 gr. Félagsgjald er ákveðið á aðalfundi. Gjaldið rennur í sjóð sem stendur straum af kostnaði við starfsemi félagsins. Gjaldið greiðist tvisvar á ári.

5 gr. Kosning til stjórnar skal fara fram á aðalfundi. Stefnt skal að því að hver deild leikskólans eigi að minnsta kosti einn fulltrúa í stjórninni. Auk þess skal starfsfólk kjósa sér einn fulltrúa til setu í henni, þannig að samtals skipi stjórn eigi færri en sjö fulltrúa.

6 gr. Félagsmenn skulu móta leiðir að markmiðum félagsins á aðalfundi. Bókfæra skal allar ákvarðanir.

7 gr. Stjórn félagsins hefur forgöngu um alla vinnu við starfsemi þess. Val verkefna og vinnu stjórnarmanna og annarra félagsmanna skal vera innan ramma markmiða félagsins og að því marki sem ákvarðanir aðalfundar nýtur við, skal eftir þeim starfað. Stjórnin kemur svo oft saman sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

8 gr. Aðalfund skal halda á tímabilinu 15 sept. til 1 nóv. ár hvert og skal boða til hans með auglýsingu með minnst viku fyrirvara.

9 gr. Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórn skriflega í síðasta lagi þrem dögum fyrir auglýstan fund. lagabreytinga ná því aðeins fram að ganga að 2/3 fundarmanna greiði þeim atkvæði.

10 gr. Fundir stjórnar eru opnir öllum félagsmönnum.

Upplýsingar um stoðþjónustu leikskólanna

Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar

Hlutverk Skóla- og tómstundarsviðs Ísafjarðarbæjar er rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla í Ísafjarðarbæ. Í því felst m.a. að veita grunn- og leikskólum sérfræðiaðstoð og ráðgjöf. Skólaskrifstofan veitir eftirfarandi sérfræðiþjónustu: Einstaklingsþjónusta - greining og úrræði. t.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála, talþjálfun.

Starfsmenn Skóla- og tómstundarsviðs eru Stefanía Ásmundsdóttir sviðstjóri og Guðrún Birgisdóttir skóla- og sérkennslufulltrúi. Viðtalstími er á opnunartíma skrifstofu, nema annað sé tekið fram.

Ráðgjöf til foreldra

Foreldrar geta alltaf leitað til deildarstjóra og/eða sérkennslustjóra leikskólans með vandamál tengd leikskóla-göngu barns sem upp kunna að koma, hvort sem um er að ræða hegðun, áhyggjur af málþroska eða líðan barnsins.

Stjórnskipulag skólamála

Fræðslunefnd er skipuð fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af bæjarstjórn. Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra í Ísafjarðarbæ eiga rétt til setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk nefndarinnar er að marka stefnu sveitarfélagsins í skólamállum, fylgjast með og stuðla að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu, aðbúnaður sé fullnægjandi og að unnið sé skv. lögum.

Markmið leikskólans

Markmið leikskólans er að búa nemendum og kennurum upp á öruggt og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytni í leik og starfi með einkunnarorð leikskólans virðing, leik og upplifun að leiðarljósi.

Markmiðunum er fylgt eftir með því að ræða stefnu skólans á fundum og starfsdögum, á deildarfundum. Þeim er einnig fylgt eftir í innra mati þar sem könnun frá Skólapúlsinum er lögð fyrir foreldra annað árið og starfsmenn hitt árið.

Á Sólborg á börnunum ;

- ✓ Að líða vel í leik og samskiptum við aðra.
- ✓ bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- ✓ fá efnivið við hæfi sem stuðlar að alhliða þroska þeirra.
- ✓ að vera sjálfstæð, tillitssöm, skapandi og sjálförugg í lok leikskólagöngu sinnar.

Stefna leikskólans

Leikskólinn Sólborg á Torfnesi vinnur í anda Reggio Emilia og hefur gert það frá hausti 2006. Í starfsaðferðum Reggio-Emilia er gengið út frá því að barnið sé hæfileikaríkur og virkur einstaklingur og eru verkefni unnin samkvæmt því. Loris Malaguzzi, sem var upphafsmaður þessarar hugmyndafræði sagði að börnin hefðu 100 mál en við hin fullorðnu tækjum frá þeim 99.

Megin áhersla er lögð á skapandi starf með fjölbreyttan efnivið í mismunandi aðstæðum. Barnið er hvatt til þess að nota sitt eigið mál þ.e. forvitni, ímyndunarafl, sköpunargleði, skynjun og hugsun, og að það fái að njóta þess að uppgötva veröldina á eigin forsendum í gegnum myndlist, leikræna tjáningu, tónlist, hreyfingu og dans. Barnið og leikskólakennararnir uppgötva heiminn í sameiningu, það eru engin rétt eða röng svör, það er rannsóknarferlið sem skiptir máli. Það að barnið fái þjálfun í að skoða hlutina frá öllum sjónarhornum og kryfja þau til mergjar, gera barnið spurult. Það rannsakar betur og fær meiri upplýsingar en ella, þannig eykst því þekking og þroski og trú á eigin getu og hæfni.

Allur fjársjóður heimsins býr í hversdagsleikanum og galdurinn felst í því að gefa barninu tækifæri og tíma til að “uppgötva, sjá og skynja”. Í starfinu með barninu eru notaðar opnar spurningar, “hvað, hvernig og hvers vegna”. Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og takmarkalaust traust og virðingu fyrir barninu og getu þess til að afla sér reynslu og þekkingar. Sjálfsmynd barnsins mótast mjög af þeim viðbrögðum og þeirri framkomu sem mætir því í umhverfinu.

Við hvetjum barnið til að tjá og tengja saman eigin tilfinningar og annarra, mynda vindaáttutengsl og láta sér annat um aðra, læra að leysa úr deilum á jákvæðan og friðsamlegan hátt með verkfæri og hugmyndafræði Jákvæðs aga að leiðarljósi og verkfæri Barnaheilla - gegn einelti sem leikskólinn er þátttakandi í og vinnur eftir.

Starfsmarkmið 2020 – 2021

Ákveðið var á starfsmannafundi í júní sl. að við ætlum að vinna að eftirfarandi starfsmarkmiðum :

- 1. Markviss málörvun.**
- 2. Jákvæður agi og Vináttuverkefni barnaheilla – gegn einelti.**
- 3. Skólabragur og móttaka nýrra starfsmanna.**

- 1. Markviss málörvun:** Sérkennslustjóri ásamt öðrum stjórnendum skólans hafa verið að vinna að og endurskoða áætlun í markvissri málörvun. Þegar þeirri vinnu er lokið sem stefnt er að verði í lok janúar 2021, verður hún kynnt á starfsdegi 16. febrúar 2021 og í framhaldinu komið í framkvæmd.

2. **Jákvæður agi:** Við ætlum að innleiða betur stefnuna okkar um jákvæðan aga þannig að í lok skólaárs 2021 séum við komin vel af stað með verkefnið á öllum deildum. Fræðsla var og upprifjun um jákvæðan aga á starfsdegi 4.september og búið er að gera framkvæmdáætlun sem gildir frá október 2020 til febrúar 2021. Auk þessa verkefnis höfum við fengið Námskeið um Vináttuverkefni barnaheilla – gegn einelti sem skólinn er samhliða þessu verkefni að vinna með. Deildarstjórar, sérkennslustjóri ásamt aðstoðarleikskólalastjóra og leikskólalastjóra sjá um innleiðinguna og fara reglulega yfir hvernig gengur á starfsmanna- og deildarstjórafundum í veturinn 2020-2021.
3. **Skólabragur og móttaka nýrra starfsmanna :** Leikskólalastjóri mun ásamt öllu öðru starfsfólki skólans vinna að því að betrubæta móttökuáætlun leikskólans og fá fram hvað starfshætti og skólabrag/menningu við viljum hafa að leiðarljósi hjá öllum starfsfólki. Drög að áætlun verður lögð fyrir á starfsdegi 16.febrúar 2021 og áætlað að hún verði tilbúin og kynnt á starfsmannafundi 17. mars 2021.

Leikskólanám

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr 90/2008 og Aðalnámskrá fyrir leikskóla sem gefin var út 2011. Skólanámskrá leikskólans frá 2015 má nálgast á heimasíðu leikskólans.

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barnsins, þ.e.a.s. að efla mikilvægustu þroskaþætti sem samtvinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barnsins og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsþætti, fegurðar-skyn og sköpunarþætti, siðgæði og lífsviðhorf.

Í leikskólalastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barnsins, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi. Fullorðinn og barn eru hluti af því umhverfi. Leikskólinn leggur áherslu á mikilvægi leiksins sem náms- og þroskaleiðar. Margs konar upplifanir barnsins, svo og dagleg störf fullorðna fólksins, glæða leik þess lífi og innihaldi.

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að ýta undir nám barnsins, t.d. í matartímum, fataherbergi. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólalastarfinu. Umönnun er fölginn í því að annast barnið líkamlega og andlega, af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfmynd barnsins mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska þess. Leikskólakennarar eru fyrirmyndir barnsins í orði og athöfnum.

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem barnið verður að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnsins, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þess. Leikskólakennarar hvetja barnið til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Þeir skapa einnig aðstæður til tjáningar og sköpunar s.s. í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist,

hreyfingu og dansi. Þannig gefst barninu tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttaða reynslu.

Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barnsins birtist í leikjum þess. Í leikjum fær barnið hreyfiþörf sinni fullnægt og það þjálfar hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum, lærir barnið nauðsyn þess að vinna með öðrum og taka tillit hvert til annarra á jafnréttisgrundvelli. Í leik öðlast barnið samkennd og vináttu. Í skipulögðum leikjum, reglu-, röðunar- og flokkunarleikjum læra það einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þess.

Matstæki

Þau matstæki sem leikskólinn notar til að meta þroskaframvindu barns eru:

Orðaskil – ungbarnalisti.

Hljóm-2 próf er tekið að hausti hjá elsta árgangi.

TRAS og EFI málþroskaskimanir.

Hreyfiþroskamát – lagt fyrir 4 ára.

Teiknipróf Tove Kroge – lagt fyrir 5 ára að hausti.

Stærðfræðiskimun Mio – frá 2-3 ára.

Spurningalisti er sendur til foreldra í tölvupósti annað hvert ár frá Skólapúlsinum. Einnig eru foreldrafundur árlega og foreldraviðtöl þar sem gefinn er kostur á að ræða mál einstaka barns við deildarstjóra. Stundum leggja einstaka deildir spurningakönnun fyrir foreldra, til að fá fram mat á starfinu á deildinni.

Starfsmenn fá sendan spurningakönnun frá Skólapúlsinum annað hvert ár. Einu sinni á ári eru starfsmannaviðtöl sem leikskólastjóri tekur.

Endur og símenntunaráætlun

Í starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar segir að starfsmenn skuli eiga kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þeirra í starfi og að þeir skuli hvattir til að efla fagþekkingu sína í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til vinnustaða sveitarfélagsins. Í kjarasamningum er kveðið á um að starfsmenn skuli eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Stefnt skuli að því að gera símenntunaráætlanir fyrir allar stofnanir/starfseiningar. Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun og heildarmarkmiðum stofnana/starfseininga.

Á sameinginlegum námskeiðdegi leikskóla Ísafjarðarbæjar er alltaf sérsniðið námskeið sem snýr að leikskólastarfinu. Reynt er að hafa bæði fjölbreytt og fræðandi efni sem snýr beint að börnunum og/eða starfsfólki leikskólanna.

Á Sólborg er starfsfólk hvatt til þess að sækja námskeið til að efla þekkingu sína og heimsækja aðra leikskóla bæði í nær og fjær umhverfi.

Á Sólborg er starfsfólk hvatt til þess að lesa greinar og kynna sér nýjungar.

Á Sólborg eru starfsdagar og starfsmannafundir nýttir til þess að auka við þekkingu, miðla og samræma uppeldisaðferðir.

Símenntunaráætlun skólaárið 2020–2021:

14.ágúst var starfsmannafundur frá 12.00-16.00. Farið var yfir starf vetrarins og rætt um starfsmarkmiðin fyrir næsta skólaár, ýmiss sameiginleg mál rædd, deildarfundir.

4.september var starfsdagur frá kl. 8.00-16.00 sem nýttur var í fræðslu um hugmyndafræði Reggio, Könnunaraðferðina, Útinám, Læsi, Jákvæðan aga, deildarfundir.

16.október átti að vera sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólanna í Ísafjarðarbæ. En sökum hertra aðgerða vegna Covid-19 var starfsdagur í hverjum skóla fyrir sig. Leikskólinn var þá orðin tvískiptur á Torfnesi. Dagurinn var nýttur í fræðslu og skoðuð myndbönd um jákvæðan aga í leikskólum, Vinaverkefni Barnaheilla – gegn einelti sem ákveðið var í framhaldinu að innleiða í leikskólanum. Einnig var farið yfir ýmiss mál og haldnir deildafundir, starfsfólk var á þremur stöðum þ.e. eldri saman og yngri saman á Torfnesi og Tangi saman hjá sér.

12. nóvember var starfsmannafundur –lokað 12.00-16.00. Leikskólinn fékk fjarnámskeið frá kl.12.30 -17.00 frá Barnheill um vináttuverkefni Barnaheilla. Starfsmenn voru á þremur stöðum.

8.desember er starfsmannafundur – lokað 8.00-10.00 -Deildarfundir.

4.janúar er starfsmannafundur–lokað 12.00-16.00. Sameiginleg mál,deildarfundir.

16.febrúar er starfsdagur – lokað allan daginn. Jákvæður agi og vinaverkefni barnaheilla, markviss málörvun - ný og endurbætt áætlun rædd, skólabragur - farið yfir starfsmarkmiðið,deildarfundir.

17.mars er starfsmannafundur–lokað 12.00-16.00. Sameiginleg mál, deildarfundir.

23.apríl er starfsdagur–lokað allan daginn. Sameiginleg mál, farið yfir starf vetrarins, endurmat, ný starfsmarkmið,deildarfundir.

9. júní er starfsmannafundur – lokað 14.00–16.00.Sameiginleg mál, deildarfundir.

Eineltisáætlun

Markmið eineltisáætlunar leikskólans er að skapa starfsmönnum öruggt og gott starfsumhverfi. Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti eða öðru ofbeldi.

Skilgreining á einelti: Einelti er endurtekin neikvæð eða illkvittnisleg hegðun eins eða fleiri einstaklinga sem beinist gegn ákveðnum einstaklingi eða hópi sem á erfitt með að verja sig. Ekki er um að ræða einangraðan atburð, heldur samfellt ferli atburða sem nær yfir tiltekið tímabil. Þólandinn upplifir kerfisbundna hegðun af hálfu gerenda sem er til þess fallin að niður-lægja, móðga, gera lítið úr, særa, mismuna eða ógna þólandanum.

Vinnureglur ef upp kemur einelti: Vinnuveitanda ber að tryggja starfsmönnum sínum gott

starfsumhverfi. Starfsmaður sem verður fyrir einelti, eða starfsmaður sem verður vitni að einelti, skal snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið þar sem erfiðara getur reynst að leysa málið eftir því sem lengri tími líður frá því að áreitni hófst. Starfsmaður á einnig kost á því að snúa sér til trúnaðarmanns á vinnustaðnum og til mannauðsstjóra.

Þegar yfirmaður fær vitneskju um einelti á vinnustað ber honum að bregðast við á faglegan hátt og leggja áherslu á að leysa málið hið fyrsta í samráði við mannauðsstjóra. Mikilvægt er gefa sér góðan tíma til að ræða málið við þolandann og skrá niður helstu atriði. Í framhaldi af því er þörf þolandans fyrir stuðning metin og séð til þess að sá stuðningur sé veittur í þeim mæli sem þörf er á.

Fyrirbyggjandi aðgerðir: Skýrar starfsreglur og vel afmörkuð ábyrgðarsvið eru mikilvægur liður í því að fyrirbyggja einelti á vinnustað. Allir starfsmenn vinnustaðar eru samábyrgir um að móta jákvætt starfsumhverfi og góðan vinnuanda, sýna hverjum öðrum stuðning og samstöðu.

Kynning og endurskoðun : Farið verður yfir eineltisáætlunina og hún endurskoðuð árlega. Eineltisáætlun er kynnt fyrir öllum starfsmönnum leikskólans. Yfirmenn munu kynna nýjum starfsmönnum efni hennar við ráðningu.

Eineltisáætlun Sólborgar

Einelti: Einelti er samskiptavandi, síendurtekið andlegt eða líkamlegt ofbeldi og beinist að ákveðnum einstaklingi. Gerandi er einstaklingur eða hópur og stundum áttar viðkomandi sig ekki á því að um einelti sé að ræða. Í öðrum tilvikum getur einelti verið af ásettu ráði og þá oft vegna þess að gerandanum sjálfum líður illa.

Hlutverk kennara sem fyrirmynd skiptir öllu máli, bæði hvað varðar viðhorf, framkomu og viðbrögð við einelti. Kennarar skulu ávallt vera vakandi fyrir samskiptum, einelti hefst oft í smáum og duldum atvikum sem geta vaxið ef ekki er brugðist skjótt við þeim.

Leikskólinn vinnur eftir Vináttuverkefni barnaheilla – gegn einelti. Allir starfsmenn hafa farið á námskeið því tengdu og er komið með verkfæri til að vinna með í barnahópnum í góðu samstarfi við foreldra.

Einelti getur verið þegar :

- Barn eða börn leggja barn í einelti.
- Kennari leggur barn í einelti.
- Foreldrar og þeirra barn leggur barn í einelti.
- Starfsmaður eða starfsmenn leggja starfsmann í einelti.

Áætlun ef grunur er um einelti:

- Starfsmenn ræða saman ef grunur er um einelti.
- Allir starfsmenn eiga að bregðast við ef þeir fá minnsta grun um að einelti hafi komið upp.
- Starfsmaður ræðir málið við sinn yfirmann og/eða leikskólastjóra, trúnaðarmann starfsmanna/mannauðsstjóra.
- Mikilvægt er að taka á málum beggja aðila, geranda og þolanda.

- Málið er sett í ákveðin farveg og því fylgt eftir af leikskólastjóra þ.e. hvort einelti sé enn til staðar eða málið upprætt.

Sjá hér stefnu Ísafjarðabæjar varðandi einelti;

https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/stefna_isafjardarbajar_og_vidbrogd_gegn_ei_nelti-areitni_og_ofbeldi..pdf

Forvarnaráætlun

Forvarnir eru í eðli sínu víðtækar og ná til flestra þátta í daglegu lífi okkar. Forvarnir eiga að spanna allt lífsskeið fólks og hafa velferð og farsæld íbúanna að leiðarljósi. Jafnrétti og fordómaleysi þarf að einkenna forvarnir. Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar, íþróttar og tómstunda með tilliti til lýðheilsu. Tryggja þarf að allir geti notið þess að ástunda heilbriggt líferni án tillits til efnahags, fötlunar, aldurs eða kynferðis. Leggja þarf áherslu á fræðslu um vímuvarnir og að upplýsingar um úrræði séu aðgengilegar. Þjóða þarf foreldrum upp á fræðslu og stuðning þannig að þeir eflist í uppeldishlutverkinu. Foreldrar eru og verða sterkustu fyrirmyndirnar. Þeir þurfa að setja börnum skýran ramma og fara eftir lögum og reglum. Þá þurfa foreldrar og allir þeir sem koma að uppeldi barna að vera í góðri samvinnu.

Fyrirmyndir finnast einnig í samfélaginu, utan heimilis. Samfélagið þarf að vera meðvitað um ábyrgð sína, að við gerum öll gagn í forvörnum. Þeir sem eldri eru þurfa að vera þeim yngri fyrirmyndir í einu og öllu og senda skýr skilaboð. Við berum öll ábyrgð.

Sett hafa verið meginmarkmið forvarna í Ísafjarðarbæ sem endurskoðuð verða á tveggja ára fresti.

Markmið

- ❖ Tóbaks-, áfengis- og vímuefnalaus æska í Ísafjarðarbæ.
- ❖ Gott andlegt og líkamlegt heilsufar íbúa.
- ❖ Bæta sjálfsmynd
- ❖ Bæta heilsufar
- ❖ Stuðla að kynheilbrigði
- ❖ Fræðsla fyrir alla aldurshópa um forvarnir.
- ❖ Efla fræðslu um vímuvarnir
- ❖ Efla foreldrafræðslu
- ❖ Efla fræðslu til starfsmanna sem vinna með börnum og ungmennum
- ❖ Efla fræðslu um bættu líðan og aukið heilbrigði
- ❖ Efla fræðslu um umhverfismál
- ❖ Efla kynfræðslu
- ❖ Viðhalda fjölbreyttum tómstundaúrræðum fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- ❖ Með áherslu á börn og ungmenni
- ❖ Auka samvinnu meðal íbúa og stofnana sveitarfélagsins.
- ❖ Kynna vel lög um útivistartíma

<https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/forvarnarstefna.pdf>

Jafnréttisáætlun Sólborgar

Markmið

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, jafnréttisstefnu Ísafjarðarbæjar og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Jafnrétti felur í sér að allir njóti jafns réttar óháð kyni, kynþætti, kynhneigð eða andlegri eða líkamlegri fötlun. Allt skólastarf á að vera í anda jafnréttis og vera samofið leik og starfi nemenda og kennara. Tækifæri eiga ekki að byggja á kynferði heldur áhuga, hæfileikum og færni.

Leiðir að markmiðum

- Þörfum sérhvers nemenda er mætt óháð kyni. Tryggja ber að nemendur óháð kyni hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á.
- Stuðla að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum milli kynja.
- Stuðlað að því viðhorfi að eðlilegt sé að bæði kynin leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum.
- Leitast skal við að tryggja að nemendur upplifi að bæði konur og karlar starfi í leikskólum og vinni þar hin ýmsu verk.
- Varast skal að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja annað kynið.
- Skal þess gætt að að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum.

Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála

Leikskólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans og sér um að kosið sé í jafnréttisnefnd/fulltrúar sem sjá um að endurskoða og viðhalda jafnréttisáætluninni.

Jafnréttisfulltrúar

Jafnréttisfulltrúar leikskólans eru Elsa María Thompson sérkennslustjóri og Gerður Einarsdóttir deildarstjóri.

19gr. Launajafnrétti

„Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konu og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo“.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafn-verðmæt störf.	Marka stefnu í jafnlaunamálum. Leiðrétta launin ef fram kemur óútskýranlegur munur á launum á launum kvenna og karla.	Leikskólastjóri ásamt öðrum stjórnendum skólans, sveitarfélagsins.	30.09.2020.

	Leiðréttu launin ef fram kemur óútskýrður munur á launum kvenna og karla.		
--	---	--	--

20gr. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

„Starf sem er laust til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum“

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að laus störf innan skólans standi opin bæði konum og körlum.	Gera samantekt á kynjahlutfalli í leikskólanum.	Leikskólastjóri.	Fyrir 1.05. ár hvert.
Að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	Í starfsauglýsingum er það kyn sem hallar á sérstaklega hvatt til að sækja um	Leikskólastjóri og Mannauðs-stjóri.	Alltaf þegar starf er auglýst.
Tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun séu aðgengileg öllum kynjum.			

21gr. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu ávinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífsins, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna“

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Stuðla að því að vera fjölskyldu-vænn vinnustaður.	Vinna að vinnustyttingu fyrir starfsmenn.	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur.	1.09.2019.
Sveigjanlegur vinnutími.	Skoða hvaða tími hentar með tilliti til aðstæðna starfsmanna og vistunartíma barna.	Leikskólastjóri í samráði við deildarstjóra.	Haust og vor, eftir þörf.
Að bæði konur og karlar nýti sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna.	Kynna fyrir starfsfólki réttindi þeirra og skyldur.	Skólastjóri og mannauðsstjóri.	

22gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum“

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustaðnum, í leikskólanum.	Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni fyrir allt starfsfólk leikskólans.	leikskólastjóri og jafnréttisfulltrúar.	31.03.2020.

Að viðbragðs-áætlun sem tekur á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni sé til á vinnustaðnum, í leikskólanum	Viðbragðsáætlun kynnt öllu starfsfólki.		31.03.2020.
--	---	--	-------------

Aðgerðaráætlun gagnvart nemendum

22gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólastæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum“

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í leikskólanum.	Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni sem hæfir aldri/þroska leikskólabarna s.s. Bókin þetta er líkaminn minn.	Leikskólastjóri og deildarstjórar.	Lokið í nóvember ár hver og fylgt eftir allt árið.
Að í leikskólanum sé til viðbragðs-áætlun sem tekur á kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni.	Vinna að nýrri áætlun og kynna hana fyrir starfsfólki	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur, jafnréttis-fulltrúar.	31.03.20120.
Að nemendur viti hvert þeir eigi að leita ef þeir verða fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni og/eða verða vitni að slíkri hegðun.	Rætt um lífsleikni og líkamann í minni hópum 4-6 ára nemenda	Deildarstjórar, hópstjórar.	2x á ári haust og vor.

23gr. Menntun og skólastarf.

„Kynjasambættingar skal gæta við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal íþróttá- og tómstundastarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunad. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf“

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í leikskólanum.	Allir starfsmenn fái fræðslu um sambættingu jafnréttis og kynjasjónarmiða.	Leikskólastjóri og jafnréttis-fulltrúar.	31.01.2020.
	Yfirfara leik- og kennsluefni leikskólans.	Allir starfsmenn.	

Leik- og kennsluefni í leik-skólanum skulu standa öllum nemendum til boða óháð kyni.			01.04.2020 og árlega að hausti eftir það.
--	--	--	---

Eftirfylgni

Áætlun þessa skal taka til umræðu meðal starfsfólks árlega og meta árangur og stöðu. Jafnréttisáætlun þessa skal endurskoða á þriggja ára fresti, næst fyrir apríl 2022.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttis-áætlunin skili tilætluðum árangri.	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna með tilliti til verkefna áætlunarinnar.	Leikskólastjóri og jafnréttis-fulltrúar.	31.01.2020.
Að jafnréttis-áætlunin sé í sífældri þróun eins og önnur stefnumótun.	Vinna að tillögu að nýrri áætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaða kannana.		Lokið tveimur mánuðum áður en gildistími eldri áætlunar rennur út.

Neyðaráætlun

Rýmingaræfingar eru haldnar með reglulegu millibili aa.m.k. einu sinni á ári og metið í framhaldinu hvernig tókst til. Starfsfólk er eindregið hvatt til að kynna sér rýmingaráætlun skólans sem hangir uppi í kennslustofum og vinnurýmum.

Starfsmannastefna Sólborgar

Starfsmannasáttmáli leikskóla Sólborgar

Virðing

Við sýnum hvert öðru virðingu og eigum góð samskipti. Við sýnum umburðarlyndi og leiðbeinum á uppbyggilegan hátt. Við treystum hvort öðru og vinnum sem ein liðsheild.

Lífsgæði

Við lítum lífið jákvæðum augum og höfum gleðina sem okkar leiðarljós. Gleðin skapar jákvæð samskipti við aðra s.s. samstarfsfólk – börn – foreldra – sem leiðir til gagnkvæmrar virðingar og trausts.

Í leikskólanum Sólborg viljum við hafa hæft, áhugasamt og traust starfsfólk í vinnu, sem sýnir börnum og foreldrum hlýtt viðmót og leggur sig fram um að veita góða þjónustu.

Við viljum að starfsfólk sé hreinskilið, leiti upplýsingar á réttum stöðum og sé óhrætt við að segja skoðanir sínar á málefnalegan hátt.

Við viljum að starfsfólk kynni sér vel starf og stefnu leikskólans og hafi þær að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Jákvæður og góður andi í starfsmannahópnum stuðlar að starfsánægju.

Leiðarljós í samskiptum

- Við gefum okkur tíma til samráðs og leggjum áherslu á góðar upplýsingar til allra.
- Við hlustum á aðra og virðum skoðanir þeirra.
- Við erum samábyrg og viðhöldum góðri liðsheild.
- Við erum hreinskilin og heiðarleg, baktölum ekki hvert annað.
- Við heilsumst og kveðjumst, sýnum hvort öðru hlýlegt og vingjarnleg viðmót.
- Við erum jákvæð og höfum gaman af starfi okkar.
- Við erum stundvís og virðum tíma hvers annars.
- Við tökum athugasemdum og ábendingum á jákvæðan hátt og lærum af mistökum.
- Við leggjum okkur fram um að leysa fljótt og vel úr ágreiningsmálum.

Áfallaáætlun.

Áfallahjálp

Andlegum áföllum barns og starfsfólks ber að sinna eins og best verður á kosið hverju sinni. Leikskólinn er samfélag þeirra sem þar starfa, nemenda og starfsmanna. Ef hringt er til skólans einn daginn og tilkynnt um alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall nemenda, starfsmanns eða einhvers náins aðstandenda nemanda/starfsmanns þarf leikskólinn að vera við því búinn.

Markmið :

- ✓ Að styrkja starfsmenn svo þeir geti brugðist rétt við áföllum sem upp geta komið innan leikskólans.
- ✓ Að koma í veg fyrir óöryggi og ráðaleysi starfsmanna.
- ✓ Að hjálpa hvert öðru að takast á við sorg og áföll sem gerast innan leikskólans eða hafa áhrif inn í leikskólann.
- ✓ Að efla þekkingu starfsmanna á sorg og áföllum.

Áætlun :

- ✓ Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar mynda áfallateymi sem er ábyrgt fyrir viðbrögðum þegar á reynir.
- ✓ Ef starfsmaður fær vitneskju um dauðsfall eða áfall sem tengist leikskólanum skal hann strax láta leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra vita og þeir sjá um að kalla saman áfallateymi og stjórna aðgerðum.
- ✓ Ef dauðsfall ber að utan opnunartíma leikskólans skulu stjórnendur þ.e. leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri koma saman og skipta með sér verkum, hringja í starfsfólk og ákveða hvað gert verði að leikskólans hálfu.
- ✓ Ef dauðsfall eða áfall á sér stað á sér stað á opnunartíma þarf að grípa strax til viðeigandi ráðstafana og síðan kemur áfallateymi saman og leggur á ráðin um aðgerðir.

Viðbrögðum má skipta í tvennt : Annars vegar fyrstu viðbrögð og hins vegar eftirfylgd með barninu/starfsmanni og er því stjórnað af áfallateymi.

Fyrstu viðbrögð er að sýna samúð og skilning og hafa kyrrðarstund með börnum og starfsfólki. Mikilvægt er að starfsmenn þekki viðbrögð barna við áföllum og viti hvernig eigi að veita áfallahjálp. Mikilvægt er að starfsmenn fái fræðslu um sorg og sorgarviðbrögð.

Móttökuáætlun nýrra barna

Aðlögun á leikskólanum Sólborg

Á leikskólanum Sólborg er stuðst við þátttökuáðlögun þegar börn byrja í leikskólanum. Eins og heitið ber með sér er hér átt við aðlögun þar sem foreldrar taka virkan þátt í starfi leikskólans á aðlögunartímanum. Miðað er við að foreldri sé með barninu sínu í þrjá til fjóra daga, fer eftir hverju og einu barni. Á fjórða/fimmta degi kveður barnið foreldri sitt að morgni og er barnið á leikskólanum allan sinn vistunartíma.

Kostir þessa forms aðlögunar eru að þarna gefst starfsfólki tækifæri á að læra af foreldrum um hverjar eru venjur barnsins þeirra. Einnig verða foreldrar öruggari að vita af barninu í höndum þess sem þeir hafa myndað tengsl við.

Öryggir og ánægðir foreldrar = örugg og ánægð börn.

Aðlögunin tekur mið af þörfum hvers og eins barns og því getur í sumum tilvikum aðlögun tekið lengri tíma.

Aðlögunin á Sólborg fer fram á eftirfarandi hátt :

Dagur 1 og 2: Barn og foreldri dvelja í leikskólanum frá kl. 9.00 og er til 11.30 (fram yfir hádegismat).

Dagur 3: Barn og foreldri dvelja frá umsömdum vistunartíma, og ef allt gengur vel má foreldri fara frá um kl. 10.00. Barnið leikur, borðar og fer í sína fyrstu hvíld/sofa. Ef það gengur ekki að svæfa barnið þá er hringt í foreldra. Ef barnið sofnar þá er hringt um leið og barnið er vaknað og þá er það sótt.

Dagur 4: Barn og foreldri dvelja saman í leikskólanum frá umsömdum vistunartíma í ca 1 klst. Ef allt gengur vel fær foreldri að fara frá og sækir barnið kl. 15.00. Ef barnið er mjög vansælt er haft samráð við foreldra að sækja fyrr.

Dagur 5: Foreldri mætir með barnið á umsömdum vistunartíma og kveður það fljótlega eftir að það kemur í leikskólann. Barnið er sótt í fyrra lagi þennan dag, eftir samkomulagi.

Hagnýt atriði :

- Það er farið út alla daga og því mikilvægt að koma með útiföt fyrir barnið og foreldri.
- Það er gott að hafa barnið í inniskóm eða sokkaskóm því það er gólfkuldi.
- Ef barnið notar snuð, bangsa eða annað sem það sefur með, er mikilvægt að koma með það í leikskólann. Einnig þarf að koma með bleyjur.

• Vinsamleg virðið það að innan leikskólans ríkir trúnaður um það sem fram fer og það á einnig við um þá foreldra sem taka þátt í aðlögun. Vinsamlega takmarkið notkun síma meðan á aðlögun stendur. Ef teknar eru myndir má það bara vera af sínu eigin barni.

Fjölmenningsráætlun :

Þegar barn byrjar í leikskólanum sem á erlenda foreldra og/eða annað foreldrið erlent, er þeim boðið upp á tülkaþjónustu í fyrsta viðtali, og áfram eftir þörf s.s. í foreldrasamtölum. Í fyrsta viðtali fá foreldrar allar upplýsingar um starf og stefnu leikskólans, samskipti heimilis og skóla s.s. í gegnum netpóst, heimasíðu og Karellell. Kynningabæklingur er afhentur á ensku/pólsku með helstu upplýsingum s.s. um fatnað, aðlögun, vistunartíma.

Haldin verður upp á þjóðhátíðardaga barna af erlendum uppruna í samráði foreldra, ýmist inn á deild eða í sameiginlegri gleðistund í leikskólanum. Það er gert með ýmsum hætti s.s. með söng á móðurmáli barnsins, hlustað á tónlist frá viðkomandi landi, læra lög frá löndum þeirra barna sem eru í leikskólanum, fá bók að heiman á móðurmáli barnsins.

Leikskólinn fær reglulega fræðslu fyrir starfsmenn um fjölmenningu/margbreytileikann á starfsmannafund/ starfsdegi leikskólans.

Deildarstjórar ræða í foreldraviðtali við þá foreldra sem eru af erlendu bergi um þeirra álit og sýn á fjölmenningu leikskólans og hvort þær þjargir eru að nýtast þeim. Mikilvægt að hlusta á raddir foreldra og vinna saman með velferð barnsins að leiðarljósi.

Leikskólinn býður upp á fjölbreytt val af leikefni sem endurspeglar ýmsa þjóðflokka.

Starfsfólk þarf að huga vel að sínu orðalagi, framkomu og hafa margbreytileikann að leiðarljósi í sínu starfi.

Áætlun um hvað skuli gera ef slys verður á skólatíma

Óhöpp/slys

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og/eða farið með barnið á slysadeild ef þarf. **Neyðarsími 112**

Viðbrögð við slysum

- ❖ Beitið fyrstu hjálp og látið hringja á sjúkrahúll ef um alvarlegt slys er að ræða.
- ❖ Yfirgefið ekki þann slasaða, sendið heldur eftir aðstoð.
- ❖ Reynið að hlúa að hinum slasaða eftir því sem hægt er.
- ❖ Verið yfirveguð og bregðast fuullaust og örugglega við aðstæðum.
- ❖ Ef farið er með barn til læknis ber að hringja í foreldra/forráðamann og látið vita.

Slysaskráning

Sérstök eyðublöð eru til sem fylla á út þegar um slys er að ræða bæði hjá börnum og kennara. Kennari sem kann að verða vitni að slysinu fyllir út eyðublaðið í samráði við leikskólustjóra. Skjalið er varðveitt í þar til gerðri persónumöppu í læstum skjalaskáp hjá leikskólustjóra. Kennari sem verður fyrir slysi, fyllir út slysaskráningarblað sem varðveitt er á sama máta.

Leikskólakóladagatal Sólborgar 2020 – 2021

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ								
1 L	1 Þ	1 F		1 S	1 Þ	Fulveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M	Leikskólinn 23. ára	1 M	1 F	Skírdagur	1 L	Verkalýðsdagurinn	1 Þ		1 F	
2 S	2 M	2 F	GLEBISTUND	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 D	2 D	2 F	Fótudagurinn langi	2 S	2 M	STÖÐVAR ÚTI	2 F	2 M		2 F	
3 M	3 F	3 L	ÚTIKAKÓ	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 M	3 F	3 L	3 L
4 Þ	4 F	4 S	STARFS DAGUR	4 M	4 F	GLEBISTUND	4 M	STARFSMF. 12-16	4 F	FORKAFR 15-16.	4 F	4 S	Þeskadagur	4 Þ	4 F	UPPISTAND	4 S	Þjóðhd. USA	4 S
5 M	5 L	5 M		5 M	5 L	Þjóðhd. Tælands	5 Þ	5 F	Dagur stærðfræðinnar	5 F	UPPISTAND	5 M	Annar í þóskum	5 M	5 L	5 M	5 L	5 M	5 M
6 F	6 S	6 Þ		6 F	6 S	UPPISTAND	6 S	6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 S	6 S	6 S	6 Þ
7 F	7 M	Hópastarfr byrjar	7 M	7 L	7 M		7 F	7 S	7 S	7 S		7 M	7 F	GLEBISTUND	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M
8 L	8 Þ	Dagur læsis	8 F	8 S	8 S	ÚTIKAKÓ	8 Þ	8 M	8 M	8 M	8 M	8 F	8 L	8 L	8 L	8 L	8 L	8 L	8 L
9 S	9 M	9 F	NÁTTFATABALL	9 M	9 M		9 M	9 Þ	9 Þ	9 Þ	9 Þ	9 F	9 F	UPPISTAND	9 S	9 M	9 M	9 M	9 M
10 M	10 F	10 L		10 Þ	10 F		10 S	10 M	10 M	10 M	10 M	10 L	10 L	10 L	10 L	10 L	10 L	10 L	10 L
11 Þ	11 F	GLEBISTUND	11 S	11 M	11 M	Þjóðhd. Póllands	11 F	UPPISTAND	11 M	11 F	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 Þ	11 Þ	11 Þ	11 Þ	11 Þ
12 M	12 L	12 M	12 M	12 F	12 L	STARFSMF. 12-16	12 L	12 L	12 Þ	12 F	GLEBISTUND	12 F	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 Þ	13 F	13 S	ÚTIKAKÓ	13 S	13 M	13 L	13 L	13 L	13 L	13 Þ	13 Þ	13 Þ	13 Þ	13 Þ	13 Þ	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 L	14 M	SOKKASTUND	14 F	14 S	14 S	14 S	14 S	14 M	14 F	14 F	14 F	14 F	14 F	14 F	14 F
15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 S	15 Þ	SOKKASTUND	15 F	15 M	15 M	15 M	15 M	15 M	15 F	15 F	15 F	15 F	15 F	15 F	15 F
16 S	16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 M	16 M	NÁMSKEBDS DAGUR	16 M	16 Þ	16 Þ	16 Þ	16 Þ	16 Þ	16 F	16 F	16 F	16 F	16 F	16 F	16 F
17 M	17 F	17 L	17 L	17 Þ	17 F	JÓLASTUND	17 S	17 S	17 M	17 M	Óskudagur	17 M	17 L	17 L	17 L	17 L	17 L	17 L	17 L
18 Þ	18 F	GLEBISTUND	18 S	18 M	18 M	Sokkastíð þjóðhd. Síryl	18 M	18 F	18 F	18 F	18 F	18 S	18 S	18 S	18 S	18 S	18 S	18 S	18 S
19 M	19 L	19 M	19 M	19 F	19 F	Dagur m annréttinga barna	19 Þ	19 Þ	19 F	19 F	GLEBISTUND	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S		20 M	20 L	20 L	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 F	20 F	20 F	20 F	20 F
21 F	21 M	21 M	21 M	21 L	21 M	SOKKASTUND	21 F	21 S	21 S	21 S	Konudagur	21 S	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 S	22 Þ	SOKKASTUND	22 F	22 M	22 M	22 M	22 M	22 M	22 L	22 L	22 L	22 L	22 L	22 L	22 L
23 S	23 M	23 F	BANGSADAGUR	23 M	23 M	SOKKASTUND/SKATA	23 L	23 Þ	23 Þ	23 Þ	23 Þ	23 F	23 F	23 F	23 F	23 F	23 F	23 F	23 F
24 M	24 F	24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F	Aftanpádagur - lokað	24 S	24 M	24 M	24 M	24 M	24 L	24 L	24 L	24 L	24 L	24 L	24 L	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 S	25 M	25 M	Jóladagur	25 M	25 F	25 F	25 F	25 F	25 S	25 S	25 S	25 S	25 S	25 S	25 S	25 S
26 M	26 L	26 M	26 M	26 F	26 F	Annar í þlun	26 Þ	26 Þ	26 F	26 F	GLEBISTUND	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 Þ	27 F	27 S	GLEBISTUND	27 S	27 L	27 L	27 L	27 L	27 Þ	27 Þ	27 Þ	27 Þ	27 Þ	27 Þ	27 Þ	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 L	28 M		28 F	28 S	28 S	28 S	Þáttasunnudagur	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M		29 F	29 S	29 S	29 S	GLEBISTUND	29 L	29 L	29 L	29 L	29 L	29 L	29 L	29 L
30 S	30 M	30 F	30 F	30 M	30 M		30 L	30 M	30 M	30 M	30 M	30 Þ	30 Þ	30 Þ	30 Þ	30 Þ	30 Þ	30 Þ	30 Þ
31 M		31 L			31 F	Gemlársdagur - lokað	31 S					31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M